

Miðvikudaginn 8. apríl 1987.

Nr. 47/1987. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Stefáni Júlíusi Arthúrssyni**

(Örn Clausen hrl.)

Líkamsárás.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. janúar 1987 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Með játningu ákærða er sannað að hann framdi brot það sem hann er ákærður fyrir og varðar við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981. Það athugast að vitni þau sem um ræðir í héraðsdómi komu ekki fyrir dóm, en þar sem skýlaus játning ákærða kom fram við þingfestingu málsins, og hún var í samræmi við gögn málsins, mátti þá taka málið til dóms án þess að færa fram önnur sönnunargögn, sbr. 122. gr. laga nr. 74/1974 sbr. 24. gr. laga nr. 107/1976.

Ákærði sættist 6. janúar 1986 á greiðslu 14.000,00 króna sektar fyrir brot gegn umferðarlögum. Ber því samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga að ákveða refsingu hans sem hegningarauka sem þykir hæfilega ákveðinn 20.000,00 króna sekt og vararefsing sektar 10 daga varðhald.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og í dómsorði greinir.

### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, Stefáni Júlíusi Arthúrsson, greiði 20.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektar ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin

saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. janúar 1987.

Ár 1987, föstudaginn 2. janúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Helga I. Jónssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1/1987: Ákærvaldið gegn Stefáni Júlíusi Arthúrssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákærskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. maí 1986, á hendur ákærða, Stefáni Júlíusi Arthúrssyni, „fyrir líkamsárás með því að veitast skyndilega að Kristjáni Skagfjörð Hákonarsyni, Yrsufelli 5, Reykjavík, á Kárastíg í Reykjavík að kvöldi fimmtudagsins 26. september 1985 og slá hann hnefahögg í andlitið. Hlaut Kristján um 3 sm langan skurð í gegnum neðri vör.

Telst þetta varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

#### *Málavextir eru þessir:*

Fimmtudaginn 26. september 1985 kl. 20:33 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt að tveir menn væru að slást á horni Njálsgötu og Frakkastígs. Er lögreglumenn komu á vettvang urðu þeir ekki varir við mennina, en hittu þar fyrir konu sem sagði að maður sinn hefði farið á eftir öðrum manni inn Njálsgötu en sá maður hefði ráðist á mann sinn. Lögreglumennirnir hittu skömmu síðar mann, sem kvaðst heita Kristján Skagfjörð Hákonarson, á Skólavörðustíg. Kvaðst hann hafa verið á leið inn í bifreið sína ásamt eiginkonu sinni og hefði bifreiðin staðið á Kárastíg. Hefði maður þá komið þar að og ráðist á sig. Hefði árásarmaðurinn sagst heita Stefán Arthúrsson og jafnframt sagt að þeir þekktust. Hefði maður þessi verið mjög æstur og sagt að hann væri nýkominn út af Kleppsspítala. Greinilegt sár var á neðri vör Kristjáns. Skömmu síðar sáu lögreglumenn ákærða í Pósthússtræti, þar sem hann var að ónáða vegfarendur. Tók ákærði til að slást við lögreglumennina er þeir höfðu afskipti af honum, og varð að setja hann í handjárn.

Vitnið Kristján Skagfjörð Hákonarson, Yrsufelli 5, Reykjavík, skýrði svo frá að það hafi verið að koma út af myndbandaleigu við Kárastíg umrætt sinn ásamt eiginkonu sinni. Hafi vitnið verið við hægri hurð bifreiðar sinnar

og verið að setja barn sitt inn í hana og heyrð í einhverjum í námunda við sig en ekki skipt sér af því. Vissi vitnið ekki fyrr en það fékk nokkuð þungt högg á bakið. Kvaðst vitnið hafa snúið sér við en þá verið slegið á „kjaftinn“. Kvaðst Kristján hafa slegið til árásarmannsins og náð að sparka í hann og hafi maðurinn þá lagt á flóttu. Vitnið gat þess að maðurinn hafi virst kannast við sig með nafni en það kvaðst engin deili vita á honum.

Vitnið María Jórunn Þráinsdóttir, Yrsufelli 5, Reykjavík kvaðst greint sinn hafa verið stutt á milli bifreiðar vitnisins og myndbandaleigu á Kárastíg er kallað var á vitnið og eiginmann þess, Kristján Skagfjörð Hákonarson. Sá vitnið þá að þar var drukkinn maður á ferð. Skiptu þau Kristján sér ekkert af mannum og héldu áfram leiðar sinnar að bifreiðinni. Fór vitnið þeim megin að bifreiðinni, sem ökumaður er, og setti myndbandstæki, sem þau voru með, inn í bifreiðina, en Kristján fór að koma barninu fyrir í aftursæti. Sá þá vitnið að maður sá, sem kallað hafði til þeirra, barði Kristján í bakið, algerlega að tilefnislausu. Snerist Kristján til varnar og sá vitnið að þeir voru í einhverjum handalögmálum. Varð vitninu mikið um þetta og fór út úr bifreiðinni. Sá þá vitnið að árásarmaðurinn sló Kristján með krepptum hnefa í vörina. Fór vitnið aftur að myndbandaleigunni og hringdi í lög-regluna, sem kom fljótt.

Samkvæmt vottorði Rögnvalds Þorleifssonar, læknis á slysadeild Borgar-sítalans, dagsettu 27. október 1985, kom fyrrgreindur Kristján Skagfjörð Hákonarson á slysadeildina þann 29. (sic) september 1985 kl. 21:10 og skýrði frá því að hann hefði verið sleginn í andlitið fyrir skammri stundu. Segir síðan í vottorðinu að skoðun hafi leitt í ljós að um það bil 3 sm skurður var í gegnum neðri vörina, stutt frá vinstra munnviki. Náði skurðurinn gegnum slímhúð vararinnar og nokkuð niður á húðina, þannig að hringvöðvi munnsins var að einhverju leyti rofinn. Var vöðvinn saumaður saman og síðan húð og varaslímhúðin.

Ákærði var yfirheyrdur hjá lögreglunni í Reykjavík hinn 27. september 1985. Kvaðst ákærði ekki muna mikið eftir þessu atviki en vildi ekki þræta fyrir að hafa lent í átökum við umræddan Kristján. Mundi ákærði eftir að Kristján var að elta hann og að hann var með blóðugan munn. Ákærði kvaðst hafa þekkt Kristján í nokkuð mörg ár. Hafi Kristján verið að „kássast upp á kvenmann“ fyrir mörgum árum, sem ákærði kvaðst hafa verið með. Kvaðst ákærði ætíð síðan hafa ætlað að launa honum það og hafi hann trúlega verið að ganga frá þeim málum þarna daginn áður.

Þann 8. apríl sl. var ákærða boðið að ljúka máli þessu með dómsátt gegn greiðslu sektar samkvæmt bréfi ríkissaksóknara frá 24. mars sl., en því boði hafnaði ákærði.

Ákærði kom fyrir dóm í dag og játaði skýlaust að hafa slegið fyrrgreindan Kristján Skagfjörð Hákonarson hnefahögg í andlitið umrætt sinn svo

sem lýst er í ákæruskjali. Samkvæmt framansögðu verður að telja fyllilega sannað með eigin játningu ákærða og framburði vitnanna Kristjáns Skagfjörð Hákonarsonar og Maríu Jórunnar Þráinsdóttur, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þar á meðal læknisvottorð, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Varðar háttsemin við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var ákæru á hendur honum frestað skil-orðsbundið 2 ár frá 22. september 1980 vegna brota gegn 1. mgr. 259. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga og hinn 22. janúar 1983 sættist ákærði á greiðslu 6.000 króna sektar fyrir brot gegn 244. gr. og 256. gr. almennra hegningarlaga. Auk þessa hefur ákærði 4 sinnum sæst á sektargreiðslu vegna brota á áfengislögum og umferðarlögum.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 10.000 krónur í sekt, sem gjaldist í ríkissjóð innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en afplánist ella með 10 daga varðhaldi.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála.

Dómarinn getur þess að hann tók við máli þessu hinn 1. desember sl.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Stefán Júlíus Arthúrssson, greiði 10.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæti ella varðhaldi 10 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.